



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 9. janúar 2011, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Herdís Matthíasdóttir og Egill Sigurgeirsson. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er þrjár blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1102006 – Breyting á aðalskipulagi vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi nr. 60.**
 - a. Álit Skipulagsstofnunar dagsett 7. desember 2011
 - b. Staðfesting Skipulagsstofnunar á breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, Vestfjarðarvegur frá Eiði í Vattarfirði að sveitarfélagamörkum við Vesturbýggð í Kjálkafirði dagsett 4. janúar 2012.

Lagt fram.

2. **1106002 - Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018, deiliskipulag fyrir Þórisstaði.**

Tvær athugasemdir bárust á auglýstum tíma vegna skipulagslýsingar, frá Fornleifavernd ríkisins dagsett 12. desember 2011 og Vegagerðinni dagsett 19. desember 2011, tekið verður tillit til vegtenginga og fornleifaskráningar. Einnig lagt fram bréf formanns Þórisstaðafélagsins dagsett 5. janúar 2012.

Skipulagsnefnd gerir athugasemd við afmörkun landsvæðis landnúmers 139700, neðan vegar (lóð 5A á skipulagstillögu) og mun leita álags vegna þessa.

Skipulagsnefnd óskar eftir heimilid Skipulagsstofnunar, að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006- 2018, skv. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Auglýst verður deiliskipulag fyrir þrjú svæði fyrir frístundabyggð í landi Þórisstaða.

Skipulagssvæðið afmarkast af jarðarmörkum Þórisstaða við Búlká í suðvestri og við Hjallaá í norðaustri.

3. **1102005 – Deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey.**

Athugasemdir við auglýst deiliskipulag.

Farið hefur verið yfir athugasemdir og verðum þeim svarað. Flestar athugasemdir snerust um.

a. Þolmörk Flateyjar út frá fjölgun húsa.

b. Vatnsveituna og aðra þætti grunnþjónustunnar þ.e. rafmagnspörf, olúpörf, frárennslismál, sorphirða, brunavarnir ofl.

c. Vatnsbólið norðan við Læknishús og nálægð frístundahúsa við núverandi byggð.

d. Byggingarmagn á lóð nr. 1.

e. Tilflutningur á frístundahúsum að væntanlegum vegi að smábátahöfn.

f. Nálægð við fuglalíf.

A. Polmörk Flateyjar út frá fjölgun húsa.

Samantekt fyrir umsögn og tillögur um úrbætur: Þegar unnið var að aðalskipulagi fyrir Reykólahrepp var landnotkun í Flatey breytt þannig að fallið var frá uppbyggingu skv. fyrirbyggjandi deiliskipulögum. Annars vegar var um að ræða orlofshúsasvæði fyrir 7 bústaði austan við Tröllenda og hins vegar íbúðarsvæði fyrir 8 hús sunnan og vestan við Byggðarenda og Læknishús. Í staðinn var í aðalskipulaginu gert ráð fyrir fjórum nýjum lóðum fyrir frístundabyggð milli Tröllenda og þeirra tveggja húsa sem hafa verið byggð norðan vegarins. Stærð svæðis er 0,7 ha. Ennfremur segir í aðalskipulaginu að sérstakir skilmálar verði skilgreindir deiliskipulagi um útlit og yfirbragð sem tekur mið af eldri húsunum í Flatey. Með þessari breytingu að fækka lóðum í fjórar var verið að koma til móts við það viðhorf að virða þolmörk Flateyjar hvað uppbyggingu varðar, jafnframt var reynt að mæta þörf á að fjölga húsum sbr. þau deiliskipulög sem lágu fyrir. Hugmyndin um að raða húsum meðfram vegslóðunum byggir á því að dreifa ekki úr byggðinni og nýta aðkomu frá núverandi vegi.

B. Vatnsveita og aðrir þættir grunnþjónustunnar

Samantekt fyrir umsögn og tillögur um úrbætur: Í aðalskipulagi Reykólahrepps segir um frístundabyggð í Flatey að forsendur og takmarkanir fyrir frekari uppbyggingu á frístundabyggð í Flatey séu að málefni vatnsveitu og frárennslismála verði komið í lag og ennfremur og er vísað í markmið um vatnsveitu í kafla 3.16.3 og fráveitu kafla 3.16.2. Almenn gildir sú regla um grunnþjónustu svo sem tenging við rafmagn og vatn að borga þarf stofngjald og afnotagjald. Bætt verði við greinargerð deiliskipulagsins texta þar sem gerð er grein fyrir annmörkum á vatnsöflun í Flatey og á hvern hátt tenging við núverandi vatnsveitu, sem er í einkaeign, verður háttáð hvað varðar stofnkostnað, afnotagjald og takmörkun á vatnsmagni. Þá verði fjalla um nýtingu regnvatns og notkun sólarorku sem mótvægi við skorti á vatni og rafmagni í Flatey. Leitað (Bogi) hefur verið til Orkubús Vestfjarða um athugun á stöðu rafveitunnar í Flatey og framtíðaráætlunum um fyrirkomulag hennar.

C. Vatnsból norðan við Læknishús og nálægð frístundahúsa við núverandi byggð

Samantekt fyrir umsögn og tillögur um úrbætur: Fella niður lóð austan við vatnsbólið (sem skv. auglýstri tillögu er norðan við Læknishúsið) og byggingareitur vestan við vatnsbólið dreginn lengra frá því. Settar verða fram kvaðir hvað varðar jarðvinnu og frágang umhverfis húsin til þess að fyrirbyggja spillingu á vatnsbólínu.

D. Byggingarmagn á lóð númer 1

Samantekt fyrir umsögn og tillögur um úrbætur: Minnka lóð 1 úr 920 m² í 770,6 m² og byggingarmagn frá 220 m² í 120 m² aðalbygging + 30 m² geymslu. Byggingar á lóð 1 skulu vera lægri (minni þakhalli) en byggingar á lóð 2-5, tekið er tillit til að þar með nýtist ris ver enn á lóðum 2-5 með heldur meira byggingarmagni. Einnig er byggingareitur dreginn lengra frá vatnsbóli og gerðar kvaðir hvað varðar jarðvinnu.

E. Tilflutningur á frístundahúsum að væntanlegum vegi að smábátahöfn,

Samantekt fyrir umsögn og tillögur um úrbætur: Það svæði er að hluta til skilgreint sem landbúnaðarsvæði og skv. gildandi aðalskipulagi er leyfilegt að byggja þar allt að þremur frístundahúsum án þess að breyta aðalskipulaginu. Fyrir er eitt frístundahús og því væri hægt að byggja þar tvö til viðbótar. Í stað þess að vinna og auglýsa deiliskipulag þarf að óskað eftir meðmælum Skipulagsstofnunar um framkvæmdaleyfi í samræmi 1. tl. Ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010. Með erindi sveitarstjórnar til Skipulagsstofnunar skal fylgja afstöðuuppdráttur, staðsetning húsa og byggingarmagn. Skýringaruppdrátti er breytt þannig að mögulegar 2 frístundabyggingar á landbúnaðarlandi eru sýndar meðfram umræddum vegi.

F. Nálægð við fuglalíf

Samantekt fyrir umsögn og tillögur um úrbætur: Leita eftir athugun fuglafræðings um hvort frístundabyggðin hafi neikvæð áhrif á bússvæði fugla á svæðinu.

Deiliskipulagið er afmarkað sem frístundabyggð, ekki er hægt að skrá þar íbúðarlóðir nema með breytingu á aðalskipulagi.

Tekið hefur verið tillit til athugasemdanna, skipulagsnefnd telur breytingarnar minniháttar. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagið. Þar með fellur úr gildi deiliskipulag fyrir vesturhluta svæðisins sem samþykkt var 18.12.1992.

4. 1201002 – Reykhólahöfn 219869, umsókn um byggingalóð.

Umsókn Áhugamannafélags um bátasafn Breiðafjarðar um byggingalóð undir 540 fm bátaskýli ódagsett.

Afgreiðslu málsins er frestað. Skipulagsnefnd samþykkir að stofna lóðina og fara í vinnu við skipulagsupprátt. Samþykkt.

5. 1112016 – Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 30. nóvember 2011.

Nefndin kynnir sér málið.

6. 1201003 – Viðlagatrygging á hafnarmannvirkjum.

Erindi frá Viðlagatryggingu Íslands dagsett 19. desember 2011.

Nefndin vísar því til hreppsnefnar að láta uppfæra mat á Reykhólahöfn vegna trygginga, nýr hafnargarður er ekki inn í núverandi mati. Egill Sigurgeirsson er tilnefndur tengiliður við VÍ.

Mál til kynningar:

7. 1201004– Fundargerðir 342. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál :

8. 1201011- Litlanes 139638 stofnun lóðar og landskipti.

Erindi frá Vegagerðinni dagsett 6. janúar 2012, ósk um áritun uppráttis, stofnun nýrrar spildu og staðfestingu á landskiptum jarðarinnar.

Stofnun lóðar er samþykkt. Landskipti lóðarinnar úr landi Litlaness eru samþykkt með fyrirvara um að umsókn um landskipti liggi fyrir frá þinglýstum eiganda jarðarinnar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 13:00

